

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ástu Guðrúnar Pálsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. febrúar 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ástu Guðrúnar Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ástu Guðrúnar Pálsdóttur frá Haukatungu, f. 28. nóvember 1910, d. 3. september 1962.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélaginu Björk í Kolbeinsstaðahreppi, til minningar um Ástu Guðrúnu Pálsdóttur, sem var ritari í stjórn félagsins frá árinu 1943 til dauðadags 1962.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00. Sjóðinn skal ávaxta í bankastofnun.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja skrudgarð við félagsheimilið Lindartungu í Kolbeinsstaðahreppi ásamt líknarmálum.

5. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu á minningarspjöldum og sölu á jólakortum, sem einkum séu gerð með myndum úr Kolbeinsstaðahreppi. Enn fremur tekur sjóðurinn við gjöfum, svo sem minningargjöfum og áheitum. Leggjast slíkar gjafir við höfuðstól sjóðsins.

6. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10 000.00. Þann höfuðstól má aldrei skerða, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast, má nota jafnóðum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 konum úr kvenfélaginu Björk í Kolbeinsstaðahreppi. Sé hún kosin til 3 ára í senn.

8. gr.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar séu allar ákvarðanir stjórnarinnar, um styrkveitingar og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans.

Fremst í gerðabókina skal færa skipulagsskrá þessa.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu endurskoðendur hans vera hinir sömu og kvenfélagsins Björk í Kolbeinsstaðahreppi á hverjum tíma.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.